

31. október 1986

921

Nr. 447

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 7. nóvember 1986 til 31. janúar 1987 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið af 23'0 42'0 V og að norðan af 64 20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

31. október 1986

Nr. 448

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.,
nr. 787 13. desember 1983.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Umsóknir um þátttöku í námskeiði skal senda Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Þátttökuskilyrði eru að umsækjandi:

- a) hafi náð 19 ára aldri, og
- b) hafi haft réttindi til aksturs bifreiðar síðustu 6 mánuði.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 2. tölulið 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann uppfylli skilyrði b-liðar með því að framvísa ökuskírteini.

B 78

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 35. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skilyrði til próftöku er að umsækjandi:

- a) hafi ekki á undanförunum 12 mánuðum verið án ökuskírteinis vegna ökuleyfissviptingar, gerst brotlegur við ákvæði um neyslu eða meðferð áfengra drykkja, eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti, og
 - b) hafi óflekkað mannorð, ef um er að ræða réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Leita skal álits viðkomandi lögreglustjóra, sbr. 1. gr., á því hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til próftöku, sbr. 5. og 6. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR**Frímerkja- og póstsögusjóðs.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Frímerkja- og póstsögusjóður, og er í vörslu Póst- og símamálastofnunar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja störf og rannsóknir á sviði frímerkjafræða og póstsögu og hvers konar kynningar- og fræðslustarfsemi til örvunar á frímerkjasöfnun, svo sem með bóka- og blaðaútgáfu. Eins skal sjóðurinn styrkja sýningar og minjasöfn, sem tengjast frímerkjum og póstsögu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er andvirði yfirverðs smáarkar sem gefin var út 9. október 1986.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- a) Andvirði yfirverðs frímerkja, smáarka o. s. frv., sem sérstaklega verða gefin út í þessu skyni.
- b) Gjafir og framlög.
- c) Vextir af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn sjóðsins og þrjá til vara til fjögurra ára í senn. Skulu tveir tilnefndir af póst- og símamálastjóra ásamt einum varamanni. Landssamband íslenskra frímerkjasafnara tilnefnir tvo menn í stjórnina ásamt einum varamanni. Samgönguráðherra skipar oddamann og varamann án tilnefningar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurskoðendur skulu vera tveir, aðalendurskoðandi Póst- og símamálastofnunar eða sá, sem hann kann að tilnefna í sinn stað og hinn, tilnefndur af Landssambandi íslenskra frímerkjasafnara til fjögurra ára í senn.